



Borgarráð

Samstarf við Höfða Friðarsetur um þróun og rekstur samfélagshraðalsins Snjallræðis

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að samningi við Höfða Friðarsetur til tveggja ára um árlegt fjárframlag að upphæð 10 m.kr. og samþykki þar með áframhaldandi samstarf við Höfða Friðarsetur um þróun og rekstur samfélagshraðalsins Snjallræðis þar sem sjálfbærar lausnir fyrir umhverfi og samfélag eru í forgrunni. Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09510.

Greinargerð:

Markmið Snjallræðis er að veita þeim einstaklingum sem brenna fyrir bættu samfélagi vettvang til að þróa eigin lausnir áfram og finna þeim sjálfbæran farveg. Snjallræði grundvallast á nýjustu nálgunum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem hönnun, viðskipti, vísindi og tækni skarast. Snjallræði styður við öflug teymi á sviði samfélagslegra lausna sem byggja á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Það geta verið lausnir sem snúa að heilbrigðisþjónustu, geðheilbrigði og vellíðan, bættu menntakerfi, orkuskiptum og samgöngumálum, svo dæmi séu tekin. Snjallræði leggur þannig grunninn að langtíma kerfislægum breytingum á sviði stjórnmála, efnahags, umhverfis og félagsmála.

Hraðallinn byggir á samstarfssamningi sem undirritaður var í Höfða þann 27. apríl 2018, af borgarstjóra ásamt fulltrúum þáverandi samstarfsaðila Snjallræðis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samstarfið nær nú einnig til Háskólans í Reykjavík og MIT designX í Boston. Alls hafa 23 nýsköpunarsprotar notið góðs af samfélagshraðlinum Snjallræði.

Stefnt er að því að opna fyrir umsóknir vorið 2022 og fara af stað með fyrsta hönnunarsprettinn í september 2022. Eftir hvern sprett tekur við um mánaðar tímabil þar sem teymin vinna áfram að þróun eigin lausna undir handleiðslu sérfræðinga úr fræðasamfélaginu, frá hinu opinbera og úr íslensku atvinnulífi. Árleg ráðstefna Höfða friðarseturs verður nýtt sem vettvangur fyrir kynningu á Snjallræði, og sömuleiðis Hringborð norðurslóða. Hraðlinum lýkur síðan á Janúarráðstefnu Festu þar sem teymin kynna eigin lausnir og starfsemi.



Reykjavíkurborg

Þátttaka í samfélagshraðlinum Snjallræði styður mjög vel við lykilvíddir Græna plansins um kolefnishlutlausa borg, grænan vöxt og að engin sé skilin eftir.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs, dags. 14.02.2022.

Drög að samningi við Höfða friðarsetur, ódags.

Einblöðungur um samfélagshraðalinn Snjallræði, ódags.



Umsögn um samstarf við Höfða Friðarsetur um þróun og rekstur samfélagshraðalsins Snjallræðis

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 10. febrúar 2022, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 25. janúar s.l., um umsagnarbeiðni til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu borgarstjóra dags. 25. janúar s.l. Jafnframt var lögð fram umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 7. febrúar s.l., sbr. 4. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi umsögn:

Tekið er undir umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs um samfélagshraðalinn Snjallræði og lýst er yfir stuðningi við áframhaldandi samstarf miðað við fyrirbyggjandi forsendur. Snjallræði er samfélagshraðall sem haldið er utan um af hendi Höfða friðarseturs í samstarfi við Reykjavíkurborg, háskólasamfélagið, nýsköpunarsamfélagið og ríkið og hefur skipt verulegu máli við þróun mikilvægra samfélagslegra lausna. Verkefnið er í samræmi við áherslur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og Reykjavíkurborgar er varðar stuðning við nýsköpunarsamfélagið og hugmyndaauðgi einstaklinga og fyrirtækja með markmiðum um að skapa réttlátara, grænna og betra velferðarsamfélag.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að frumkvöðla- og nýsköpunarstarfssemi sé einmitt best borgið í þeirri umgjörð sem lýst er í tillögu borgarstjóra um þátttöku í framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis. Það er nefnilega miklu eðlilegra að hugmyndasmiðjum og tilraunastofum sé haldið á þeim forsendum sem tillagan lýsir. Eins og ljóst er hefur fulltrúi Flokks fólksins verið í rúmt ár að gagnrýna þá hugmynda- og tilrauna vinnustofur sem starfræktar hafa verið í langan tíma á Þjónustu og nýsköpunarsviði. Það er ekkert eðlilegt við það að almannafé hafi verið notað í endalausar tilraunir og hugmyndasmiðjur undir merkjum Gróðurhússins og annarra þróunarteyma sviðsins undanfarin ár án þess að sú vinna hafi skilað raunverulegum lausnum eða afurðum sem komnar væru í notkun. Hugmyndasmiðjur og tilraunastofur Þjónustu- og nýsköpunarsviðs virðast hafa haft þveröfug áhrif við það sem þeim hlýtur að hafa verið ætlað. Í stað þess að flýta innleiðingu lausna sem margar hverjar eru fyrir löngu tilbúnar, hafa mál verið að daga þar uppi. Það er von fulltrúa Flokks fólksins að meirihlutinn í Reykjavík fari nú að opna augun smám saman og átta sig á því hvað eigi heima hvar varðandi þá stafrænu umbreytingu borgarinnar sem að öllu leiti er fjármögnuð beint úr vösum borgarbúa.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:
Bréf skrifstofu borgarstjórnar.
Tillaga borgarstjóra ásamt fylgiskjölum.
Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs.



Reykjavík 7. febrúar 2022

MSS22010171

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Umsögn um tillögu borgarstjóra, dags 25. janúar 2022, um samstarf við Höfða
friðarsetur um framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis.***

Vísað er til bréfs, dagsett 7. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um tillögu borgarstjóra um samstarf.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Reykjavík 7. febrúar 2022

MSS22010171

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra.

Efni: Umsögn um tillögu borgarstjóra, dags 25. janúar 2022, um samstarf við Höfða friðarsetur um framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið tekur undir framkomna tillögu borgarstjóra um samstarf við Höfða friðarsetur og framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis á árinu 2022.

Snjallræði er hraðall fyrir samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi sem hóf göngu sína í október 2018. Markmiðið með hraðlinum er að veita þeim einstaklingum sem brenna fyrir bættu samfélagi vettvang til að þróa hugmyndir sínar áfram og finna þeim sjálfbæran farveg. Að hraðlinum standa: Höfði friðarsetur og Háskóli Íslands í samstarfi við MIT designX, Listaháskóla Íslands, Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Háskólann í Reykjavík, og vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Hraðallinn byggir á hönnunarsprettum sem haldnir eru í samstarfi við MIT designX. Teymin í Snjallræði fá að kynnast nýjustu nálgunum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem hönnun, viðskipti, vísindi og tækni skarast. Þau fá öfluga þjálfun og ráðgjöf við gerð virðisgreininga, þarfagreininga, hagaðilagreininga og uppsetingu á sjálfbæru viðskiptamódeli svo eitthvað sé nefnd. Teymin sem taka þátt læra einnig að efla tengslin við nærsamfélagið, átta sig á hvar áskoranir liggja, setja sig í fótspor þeirra sem þær ná til og afla sér þekkingar til að móta nýjar leiðir til að takast á við áskoranir í takt við samfélagslega þróun.

Meðal nýsköpunarverkefna sem áður hafa sprottið upp og notið góðs af Snjallræði eru: *Bergið*, stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri; *Tré lífsins*, nýr valkostur við lífssolk ásamt tré í minningargarði; *GreenBytes*: lausn þar sem sölugögn, reiknirit og vélanám er nýtt til að draga úr matarsóun á veitingastöðum; *Rephaiah*, óhagnaðardrifin samtök sem hafa það að markmiði að framleiða lífsmatvæðisleg lyf fyrir ung börn í Malaví.

Auk þess að veita nýjum samfélagslegum nýsköpunarhugmyndum brautargengi er Snjallræði vettvangur um aukið samstarf við atvinnulífið um nýjar lausnir með áherslu á umhverfi og samfélag. Endurspeglast það í öflugum hópi bakhjarla úr atvinnulífinu sem staðið hafa að baki viðburðinum í gegnum árin svo sem Deloitte, Landsvirkjun, Össur og Marel.



Að viðburðinum koma fagfólk og sérfræðingar á heimsmaelikvarða á sviði samfélagslegrar nýsköpunar svo sem Svafa Grönfeldt og samstarfsfélagar hennar frá MIT og Harvard í Bandaríkjunum. Þátttakendur fá þar að auka vinnustaðstöðu í Grósku hugmyndahúsi og hafa þar með óheft aðgengi að frekari innblæstri, samtali og stuðningi á framkvæmdartímanum sem og kraftmiklu samfélagi sköpunar. Þá leiðbeinir net mentora þátttakendum, miðlar af reynslu sinni og styður teymin áfram við að þróa lausnirnar áfram og koma þeim í framkvæmd.

Til viðbótar við að styðja við Græna Planið fellur tillagan að markmiðum gildandi atvinnustefnu Reykjavíkurborgar og áherslu hennar á kröftuga athafna og nýsköpunarborg þar sem stutt er við nýsköpunarviðburði sem veita einstaklingum og sprotafyrirtækjum tækifæri til að þróa og þroska hugmyndir sínar. Með framtakinu styður Reykjavíkurborg jafnframt við viðburð þar sem frumkvöðlar, fjárfestar og aðrir sem koma að nýsköpun í borginni geta hist og kynnst og byggt upp tengslanet og kannað frekari samstarfsmöguleika.

Töluverð reynsla hefur nú hlotist af framkvæmd viðburðarins og er viðburðurinn miðað við uppleggið, líklegur til að uppfylla áfram kröfur um gæði og fagmennsku í allri umgjörð sinni, skipulagi, framkvæmd og kynningu. Þá hefur snjallræði alla burði til að hafa jákvæð áhrif og skilja eftir sig raunveruleg verðmæti úti í samfélaginu.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnagötu 11 og Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, Aragötu 9, gera með sér eftirfarandi

Samstarfssamning

1. gr. Markmið

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands gerðu þann 6. desember 2017 með sér samstarfssamning um stofnun Höfða friðarseturs. Markmiðið með stofnun Höfða friðarseturs var að skapa vettvang fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf með áherslu á hlutverk borga, smárikja og almennra borgara í að stuðla að friði, friðarmenningu og friðarfræðslu. Hlutverk setursins er m.a. að skoða og skilgreina leiðir að þessu marki og aðstoða Reykjavíkurborg í hlutverki hennar sem borg friðar. Í 2. gr. samstarfssamningsins er kveðið á um semja skuli sérstaklega um verkefni friðarseturs sem teljast ekki hluti af samstarfssamningnum og í þeim tilvikum skuli deila kostnaði jafnt á milli samstarfsaðila.

Samningur þessi gildir um Snjallræði, viðskiptahraðal fyrir samfélagslega nýsköpun á vegum Höfða friðarseturs, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands en að hraðlinum kemur einnig öflugt net annarra samstarfsaðila. Snjallræði er viðskiptahraðall sem hefur það að markmiði að veita einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum sem brenna fyrir bættu samfélagi, sjálfbærni og lausnum við loftslagsvánni, vettvang til að þróa hugmyndir sínar og finna leiðir til að gera þær sjálfbærar. Snjallræði útvegar aðstandendum verkefnanna vinnuaðstöðu, aðgang að hópi leiðbeinenda og stuðning við að þróa hugmyndina áfram.

2. gr. Skuldbindingar og greiðslur

Samningur þessi gildir í tvö ár og greiðir Reykjavíkurborg Höfða friðarsetri kr. 10.000.000 í styrk á ári til að standa straum af kostnaði vegna viðburðarins Snjallræði. Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Höfða friðarseturs, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri nema Höfði friðarsetur hafi hlotið undanþágu frá því.

3. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og forstöðumaður Höfða friðarseturs sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

4. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári skal Höfði friðarsetur skila Reykjavíkurborg árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí 2023 fyrir starfsárið 2022 og 1. maí 2024 fyrir starfsárið 2023. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

5. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Höfða friðarseturs. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr. Framsal

Höfða friðarsetri er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík [DAGS.] 2022

F.h. Höfða friðarseturs
Pia Hansson, forstöðumaður

F.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.



Snjallræði - sjálfbærar lausnir við áskorunum samtímans

Snjallræði styður við teymi sem leggja sjálfbærni til grundvallar í sinni kjarnastarfsemi og vilja leiða mikilvægar samfélagsbreytingar.

- Fjórir MIT designX hönnunarsprettir með Svöfu Grönfeldt og samstarfsfélögum hennar frá MIT og Harvard
- Öflug þjálfun og ráðgjöf í fjóra mánuði, á milli hönnunarsprettar, haustið 2022
- Vinnuaðstaða í Grósku hugmyndahúsi og samfélagi sköpunar
- Stuðningur við að þróa lausnirnar áfram og koma þeim í framkvæmd
- Þjálfun frá fremstu sérfræðingum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar, jafnt innlendum sem erlendum
- Net mentora sem leiðbeina frumkvöðlunum, miðla af reynslu sinni og styðja teymin áfram

Hönnunarsprettir MIT designX

Svafa Grönfeldt er fulltrúi í ráðgjafaráði Snjallræðis, ein stofnenda viðskiptahraðalsins MIT designX, og meðstofnandi MET sjóðsins sem er fjárfestingasjóður fyrir sprota með aðsetur í Cambridge, MA.



Í fjórum tveggja daga sprettum munu teymin í Snjallræði fá að kynnast nýjustu nálgunum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem hönnun, viðskipti, vísindi og tækni skarast. Teymin öðlast jafnframt tækifæri til þess að sannreyna eigin lausnir í krefjandi vinnustofum sem byggðar eru á fjórum grunnstoðum MIT designX, Understand – Solve – Envision – Scale.

Heimsmarkmiðin

Áhrif heimsfaraldurs, ójöfnuðar og loftslagsbreytinga kalla á sjálfbærar lausnir til framtíðar. Snjallræði styður við öflug teymi á sviði samfélagslegra lausna sem byggja á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Það geta verið lausnir sem snúa að heilbrigðisþjónustu og vellíðan, bættu menntakerfi, orkuskiptum, samgöngumálum og matarsóun, svo dæmi séu tekin. Snjallræði leggur þannig grunninn að langtíma kerfislægum breytingum á sviði stjórnmála, efnahags, umhverfis og félagsmála.





Í suðupotti nýsköpunar

Snjallræði er hluti af Vísindagörðum en görðunum er ætlað að tengja saman frumkvöðla, fyrirtæki og háskóla og stórefla þar með hagnýtingu rannsókna, nýsköpun og viðskiptaþróun. Snjallræði er því mikilvægur hluti af öflugu samfélagi Vísindagarða og hefur aðsetur í Grósku, hugmyndahúsi og suðupotti nýsköpunar í Vatnsmýrinni.

Öflugt samstarf

Snjallræði á sér öfluga bakhjarla úr atvinnulífinu en Deloitte, Landsvirkjun, Össur og Marel hafa stutt við Snjallræði á undanförunum árum.

Höfði friðarsetur, Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg standa að hraðlinum í samstarfi við MIT designX, Listaháskóla Íslands, Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Háskólann í Reykjavík, Listaháskóla Íslands og vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Ráðgjafaráð

Svafa Grönfeldt

Dr. Svafa Grönfeldt situr í ráðgjafaráði forseta Arkitektúrs og skipulagssviðs MIT háskólans í Boston. Hún er ein stofnenda nýjasta viðskiptahraðalsins við MIT, designX, og meðstofnandi MET sjóðsins sem er fjárfestingasjóður fyrir sprota með aðsetur í Cambridge.



Magnús Þór Torfason

Magnús Þór Torfason er lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og kennari í frumkvöðlafræði í MBA-námi Háskóla Íslands. Hann stýrir meistaranámi í nýsköpun og viðskiptaþróun við HÍ og situr í stjórn fjárfestingasjóðsins Frumtaks sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.



Hrund Gunnsteinsdóttir

Hrund Gunnsteinsdóttir er framkvæmdastjóri Festu - miðstöðvar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Hrund hefur víðtæka ráðgjafa- og stjórnunarreynslu, bæði á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Hún hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og sérfræðihópum og er fráfarandi stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs.

